



Fundargerð

**Stjórn VJP - 120. fundur stjórnar VJP haldinn í fjarfundi,
12. júlí 2018, kl. 10:00.**

Fundinn sátu:

Guðrún Áslaug Jónsdóttir formaður, Vilhjálmur Árnason varaformaður, Sigríður Ruth Magnúsdóttir aðalmaður, Björn Ingi Jónsson aðalmaður, Óli Halldórsson aðalmaður, Erlingur Freyr Jensson aðalmaður, Matthildur Þorsteinsdóttir fulltrúi ferðapjónustunnar, Snorri Ingimarsson fulltrúi útivistarfélaga og Magnús Guðmundsson framkvæmdastjóri.

Fundargerð ritaði: Guðrún Áslaug Jónsdóttir, Formaður stjórnar.
Sigmundur Einarsson boðaði forföll.

1. Almannaávarnir: Svínafellsheiði - 1805014

Boðað var til fundar með ferðapjónustuaðilum á svæðinu. Fundurinn var haldinn 5. júlí kl.20:00 í Hofgarði. Kynnt var rannsóknaráætlun og hvaða mælingar stendur til að gera á næstu vikum. Einnig var farið yfir samskipti vegna viðvörunar vegna ferða á Svínafellsjökul sem gefin var út 22. júní sl.

6. júlí var farið upp á Svínafellsheiði og settir niður tveir GPS mælar og lídarmæling gerð af heiðinni. Enn var of mikill snjór yfir sprungunni þar sem koparnaglar voru settir niður í fyrra og ekki tókst að ná mælingum á þá að þessu sinni.

Stjórn þakkar þjóðgarðsverði og formanni svæðisráðs suðursvæðis fyrir góða vinnu með viðbragðsaðilum og ferðapjónustufyrirtækjum til að bregðast við mögulegri hættu á berghlaupi úr Svínafellsheiði. Mikilvægt er að öryggi almennings verði sett í forgang í öllum aðgerðum innan þjóðgarðsins og tryggja þarf skýrar merkingar og leiðbeiningar til ferðamanna sem vara við hættu. Einnig er mikilvægt að loka leiðum sem ekki eru taldar öruggar, hvort heldur er til göngu eða aksturs á hættusvæði. Á meðan á óvissuástandi stendur gerir stjórn ekki athugasemdir við að skipulögðum gönguferðum verði beint á Skaftafellsjökul í samráði við þjóðgarðsvörð og landverði á svæðinu á grundvelli eftirfarandi:

Veitt verði tímabundið leyfi út árið 2018 og takmarkað leyfi.

Fyrirtækjum verði heimilt að fara í skipulagðar ferðir á Skaftafellsjökul.

Upphaf ferða er við upphaf göngustigs (S1) við Skaftafellsstofu.

Eingöngu þau fyrirtæki sem geta sýnt fram á að hafa verið að fara í skipulagðar ferðir á Svínafellsjökul verður heimilt að fara í skipulagðar ferðir á Skaftafellsjökul.

Fyrirtækin leggi fram nýtingaráætlun þar sem fram kemur fjöldi ferða áætlaður upphafstími og lengd ferða.

Fjöldi ferða á hvert fyrirtæki á dag, miðast að hámarki við þær upplýsingar sem veittar voru þjóðgarðsverði í samtölum við forsvarsmenn fyrirtækja dagana fyrir fundinn 5. júlí 2018.

Ekki verður heimilt að fjölga ferðum.

Stjórn telur rétt að boða fyrirtæki til fundar við svæðisráð ásamt þjóðgarðsverði í lok ágúst/byrjun september til að skoða framtíðarmöguleika á jöklaferðum í Örafum og nágrenni. Einn fulltrúi hvers fyrirtækis yrðir þá boðaður á samráðsfund um stöðuna og hvað möguleikar eru til framtíðar varðandi jöklagöngur.

2. Deiliskipulag Jökulsárlón: breyting - 1709015

Farið yfir stöðuna og næstu skref.

Stjórn leggur mikla áherslu á að vinna við gerð nýs deiliskipulags við Jökulsárlón hefjist sem allra fyrst í samræmi við fyrri bókanir stjórnar. Mikil álag er á svæðinu við Jökulsárlón bæði vegna fjölda ferðamanna og vegna ásóknar ferðaþjónustufyrirtækja í aðstöðu á svæðinu. Forsenda þess að bregðast við ástandinu er deiliskipulag þar sem skilgreind er landnotkun á svæðið, stjórnun- og verndaráætlun fyrir svæðið, ásamt atvinnustefnu til þess að nýta við að veita leyfi til fyrirtækja að takmarkaðri auðlind sem svæðið og náttúra þess er. Þar sem deiliskipulagsvinnan hefur ekki ennþá verið fjármögnuð er Framkvæmdaráði falið að leita eftir fjárveitingu í þetta brýna verkefni í samráði við umhverfis- og auðlindaráðuneytið þannig að vinna geti hafist.

3. Stjórnunar- og verndaráætlun: Jökulsárlón og þjóðlendur - 1709003

Á fundi stjórnar nr.110 var lögð fram verk- og kostnaðaráætlun vegna gerðar stjórnunar- og verndaráætlunar fyrir svæðið.

Stjórn gerir ekki athugasemdir við framlagða kostnaðaráætlun en bendir á að fleiri kostnaðarliði gætu bæst við sem þarf að taka tillit til s.s. vegna aðkomu fleiri ráðgjafa og vegna samráðsferlisins sem er tímafrekt. Stjórn leggur áherslu á að samhliða vinnu við gerð nýs deiliskipulags við Jökulsárlón verði unnið að því að koma Jökulsárlóni og nálægum svæðum sem færðust með friðlýsingu undir Vatnajökulspjóðgarð á síðasta ári inn í stjórnunar- og verndaráætlun fyrir þjóðgarðinn. Þar sem vinna við stjórnunar- og verndaráætlun svæðisins hefur enn ekki verið fjármögnuð er Framkvæmdaráði falið að leita eftir fjárveitingu í þetta brýna verkefni í samráði við umhverfis- og auðlindaráðuneytið svo vinnan geti hafist.

4. Stjórnunar- og verndaráætlun: Ákvæði um notkun dróna - erindi þjóðgarðsvarða - 1805028

Erindi frá þjóðgarðsvörðum Vatnajökulspjóðgarðs dagsett 30. maí. Í erindinu er lagt til að gerð verði viðbót við stjórnunar- og verndaráætlun þjóðgarðsins sem takmarki notkun dróna í þjóðgarðinum. Ástæður þessara beiðnar eru þrjúþættar náttúruvernd, öryggi gesta og til að hægt sé að uppfylla gæðaupplifun gesta Vatnajökulspjóðgarðs.

Stjórn vísar tillögunni til vinnu við endurskoðun Stjórnunar- og verndaráætlunar fyrir þjóðgarðinn.

Snorri Ingimarsson og Erlingur F. Jensson viku af fundi kl. 11:10

5. Jökulsárlón: Umsókn um siglingar Arctic Adventures hf. - 1805010

Erindi Arctic Adventures dagsett 19. janúar 2018 ásamt bréfi til stjórnar dagsett 23. mars 2018. Beiðni um starfsleyfi til siglinga á Jökulsárlóni. Erindið var tekið fyrir á fundi svæðisráðs suðursvæðis nr. 58 og eftirfarandi bókað: Í ljósi þeirra samninga sem Vatnajökulspjóðgarður yfirtók við friðlýsingu svæðisins og að stjórnunar- og verndaráætlun og skipulag fyrir svæðið er ekki tilbúið, getur svæðisráð ekki mælt með að veitt sé leyfi fyrir starfsemi af þessari tegund á svæðinu.

Stjórn tekur undir bókun svæðisráðs suðursvæðis á fundi nr. 58 þar sem fram kom að vegna þeirra samninga sem Vatnajökulspjóðgarður yfirtók við friðlýsingu svæðisins og að stjórnunar- og verndaráætlun og skipulag fyrir svæðið er ekki tilbúið, getur svæðisráð ekki

mælt með að veitt sé leyfi fyrir starfsemi af þessari tegund á svæðinu. Stjórn tekur undir ákvörðun svæðisráðs og hafnar erindinu með sömu rökum og telur mikilvægt að fram fari greining á þolmörkum svæðisins samfara vinnu við stjórnunar- og verndaráætlun fyrir svæðið.

6. Jökulsárlón: Umsókn um siglingar Trölliferðir ehf. - 1807005

Erindi Trölliferða ehf. móttekið 23. maí. Tilkynning um að Trölliferðir ehf hefur hug á að stunda kajak ferðir, bátsferðir, jöklagöngur og íshellaferðir innan svæðis Vatnajökulspjóðgarðs.

Stjórn telur mikilvægt að fram fari greining á þolmörkum svæðisins samfara vinnu við stjórnunar- og verndaráætlun fyrir svæðið. Stjórn hafnar erindinu þar sem hvorki stjórnunar- og verndaráætlun né skipulag fyrir svæðið er tilbúið.

7. Jökulsárlón: Umsókn um róðrabrettaferðir - 1806003

Erindi Arctic Surfers móttekið 4. júní Umsókn til SUP leiðsagnar á Jökulsárlóni vestan megin við brú yfir sumartímann.

Stjórn telur mikilvægt að fram fari greining á þolmörkum svæðisins samfara vinnu við stjórnunar- og verndaráætlun fyrir svæðið. Stjórn hafnar erindinu þar sem hvorki stjórnunar- og verndaráætlun né skipulag fyrir svæðið er tilbúið.

8. Jökulsárlón: Umsókn um róðrabrettaferðir - 1806004

Erindi Adventure Vikings ehf tölvupóstur dagsett 6. júní. Umsókn um SUP leiðsagnar á Jökulsárlóni.

Stjórn telur mikilvægt að fram fari greining á þolmörkum svæðisins samfara vinnu við stjórnunar- og verndaráætlun fyrir svæðið. Stjórn hafnar erindinu þar sem hvorki stjórnunar- og verndaráætlun né skipulag fyrir svæðið er tilbúið.

Næsti fundur stjórnar er ákveðinn 14.ágúst
Fundu slitið kl. 12:00.